2. gr.

69. gr. orðist svo:

Hafi umsækjandi ekki heimilisfesti hér á landi skal hann hafa umboðsmann, búsettan á EES-svæðinu, sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal fært í einkaleyfaskrá.

3. gr.

73. gr. orðist svo:

Frestur skv. 34. gr. einkaleyfalaga rennur út samtímis fresti vegna yfirfærslu skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 69. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. apríl 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Nr. 290 9. apríl 2002

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir, nr. 575/1991, með síðari breytingum.

1. gr.

30. gr. orðist svo:

Hafi umsækjandi ekki heimilisfesti hér á landi skal hann hafa umboðsmann, búsettan á EES-svæðinu, sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina. Umsækjandi, sem búsettur er hér á landi, má hafa umboðsmann. Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal fært í einkaleyfaskrá.

2. gr.

5. tölul. 1. mgr. 42. gr. orðist svo:

5) Nafn og heimilisfang umboðsmanns er ekki gefið upp.

3. gr.

Auglýsing þessi sem sett er með heimild í 69. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, sbr. 42. gr. reglugerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. apríl 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Stjórnartíðindi B 48, nr. 288–290. Útgáfudagur 11. apríl 2002.